

16. fundur stjórnar Stjórnstöðvar ferðamála (SF)
haldinn mánudaginn 10. september 2018 kl. 15:15.
Fundarstaður: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Skúlagötu 4

Viðstaddir:

Stjórnarmenn: Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, formaður, Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, Sigurður Ingi Jóhannsson samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, Sigrún Blöndal, formaður SSA, Bjarnheiður Hallsdóttir, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar, Björgólfur Jóhannsson, frá Samtökum ferðaþjónustunnar, Ingibjörg Ólafsdóttir, frá Samtökum ferðaþjónustunnar, og Þórir Garðarsson, frá Samtökum ferðaþjónustunnar.

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, var fjarverandi.

Aðrir: Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri SAF, Óskar Jósefsson, framkvæmdastjóri SF, Skarphéðinn Berg Steinarsson, ferðamálastjóri (áheyrnarfulltrúi) og Sigrún Brynja Einarsdóttir (ANR) sem ritaði fundargerð. Ólafur Árnason og Ragnheiður Gunnarsdóttir frá EFLU sátu fundinn undir 2. og 3. dagskrárlíð.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð síðasta fundar var borin upp og samþykkt.

2. Sjálfbærni viðmið (þolmörk) – skýrsla.

Ólafur Árnason og Ragnheiður Gunnarsdóttir frá Eflu gerðu grein fyrir því að skýrsla fyrri áfanga verkefnisins lægi fyrir. Búið væri að greina 61 vísi á sviðum þjóðhagslegra stærða, innviða, stoðþjónustu og samfélags til að meta álag vegna ferðamennsku á umhverfi, samfélag, innviði og efnahag. Áhersla var lögð á það í vinnunni að álagsmatið næði til landsins alls og að nýtt væru gögn sem þegar væru aðgengileg.

3. Sjálfbærni viðmið (þolmörk) – fasi II, uppbygging verkefnis og áætlaður kostnaður.

Ólafur og Ragnheiður sátu fundinn áfram og gerðu grein fyrir nálgun á fasa II í verkefninu þar sem lagt er til að unnið verði með álagsmatið sjálft og vísarnir gildisettir. Farið var yfir skipulag verkefnisins og skipun ráðgjafahóps, sérfræðingavinnuhópa og samráðshóps sem og tímaáætlun en áætlað er að verkefninu geti verið lokið í lok febrúar/byrjun mars 2019. Þar sem sambærilegt verkefni hefði ekki verið unnið annars staðar í heiminum væri m.a. mikilvægt að hafa breiða aðkomu frá háskólunum. Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið yrði ca 25 m.kr. Afurðin yrði þrjúþætt, grunnur (stjórn tæki) til að byggja framtíðarstefnu Íslands sem áfangastaðar ferðamanna á, grunnur til aðstoðar við ákvarðanatöku og loks sett af vísun til að meta álag vegna fjölda ferðamanna. Ferðamálaráðherra lýsti ánægju sinni með vinnuna til þessa og afrakstur skýrslunnar en verkefnið væri metnaðarfullt og yrði gagnlegt tæki fyrir ákvarðanatöku og stefnumótun. Ákveðið að ráðast í fasa II sem mögulega yrði brotinn upp í fleiri áfanga.

4. Breytt stjórnarsýsla m.t.t. þarfa ferðaþjónustunnar.

Málið var tekið til umræðu að beiðni SAF. Rætt um mikilvægi þess að stjórnarsýslan ynni áfram að því að brjóta niður múra milli ráðuneyta og stofnana samhliða því að þroska áfram samtalið við atvinnugreinina. Víða væru tækifæri til betra samtals, s.s. hjá þjóðgörðunum sem hefðu nýverið tekið ákvarðanir um hækkun þjónustugjalda, sem hefðu mikil áhrif á greinina, með mjög skömmum fyrirvara. Samhæfing væri lykilatriði eins og sæist í nýlegri skýrslu ráðherra um árangur af störfum SF og hún hefði þegar átt sér stað að verulegu leyti, m.a. með eflingu skrifstofu ferðamála í ANR og styrkingu Ferðamálastofu. Þar væru lyklarnir að því að samfella héldist í verkefnum sem SF hefði komið á koppinn þegar líftíma hennar lyki samhliða því að vinna áfram í hugarfarsbreytingu innan stjórnarsýslunnar. Jafnframt var rætt almennt um einföldun stjórnarsýslu með áherslu á rafræn samskipti og leyfisveitingar. Ferðamálaráðherra gerði grein fyrir því að OECD myndi á næstunni ráðast í samkeppnismat á tveimur geirum, byggingageiranum annars vegar og ferðaþjónustunni hins vegar með það að markmiði að meta reglubyrði og mögulegar óþarfa hindranir. Varðandi samtal aðila eftir að SF líður undir lok minnti ráðherra á breytt Ferðamálaráð sem tekur til starfa 1. janúar 2020 skv. nýlegum lögum um Ferðamálastofu og gerði grein fyrir því að hún teldi rétt að stofnuð yrði föst ráðherranefnd um ferðamál þar sem ferðaþjónustan væri þess eðlis að málefni hennar myndu alltaf eiga undir nokkur ráðuneyti. Framkvæmdastjóri ræddi um Mælaborð

ferðaþjónustunnar þar sem mikil tækifæri væru til að safna saman upplýsingum frá ólíkum stofnunum sem hefðu þýðingu fyrir greinina. Ákveðinnar tregðu hefði gætt hjá stofnunum til að láta þær af hendi og gæta þyrfti þess að umboð Ferðamálastofu til að kalla eftir þeim væri skýrt. Ráðherra samsinnti því. Þá var stuttlega rætt um samspil Íslandsstofu og Ferðamálastofu varðandi innlend kynningarmál. Loks var rætt um vinnslu og gerð rannsóknaráætlunar á vegum Ferðamálastofu í framhaldi af gildistöku nýrra laga nk. áramót.

5. Stjórnstöð ferðamála – ársreikningur og staða.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir því að töf yrði á framlagningu ársreiknings þar sem verið væri að safna gögnum saman auk þess sem verið væri að vinna að fjármögnun SF til loka starfstíma hennar. Upplýsingar þar að lútandi yrðu lagðar fyrir næsta stjórnarfund.

6. Önnur mál.

- a. Leyfisveitingagátt – framkvæmdastjóri gerði grein fyrir vinnu FJR í tengslum við málið. Þarfagreining með Ferðamálastofu væri fyrirhuguð og vonir stæðu til að gáttin fengi einhverja birtingarmynd fyrir áramót.
- b. Áfangastaðaáætlanir – framkvæmdastjóri gerði grein fyrir því að kynning á því verkefni væri áætluð 11. október nk. Nokkuð brösulega hefði gengið að fá fram niðurstöður verkefnisins frá landshlutunum varðandi forgangsröðun og afþreyingu. Miklu skipti að sveitarfélögin upplifðu ákveðið eignarhald á verkefnunum.
- c. Fyrirmyndarstaðir í ferðaþjónustu – framkvæmdastjóri gerði grein fyrir því að vinna stæði yfir við það verkefni en það ætti mesta samleið með verkefnum á landsáætlun.
- d. Reglubundnir fundartímar – SAF óskaði eftir því að fundinn yrði fastur fundartími svo unnt yrði að funda þéttar og með reglubundnari hætti. Ferðamálaráðherra skoðar málið með það að markmiði að leggja tillögu að föstum fundartíma fyrir næsta stjórnarfund.

Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga þökkðu að lokum stjórnarmönnum fyrir samstarfið en þau búast við að nýir fulltrúar komi inn í stjórnina í þeirra stað í kjölfar landsþings sambandsins í lok september.

Fundi slitið kl. 16:20.